

Brunatrygging húseigna

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 261 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) félagsins og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá á sjova.is](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Brunatrygging húseigna er lögboðin trygging sem bætir tjón á húseign af völdum eldsvoða.



Hvað er tryggt?

Brunatrygging húseigna bætur tjón af völdum:

- ✓ Eldsvoða.
- ✓ Eldingar.
- ✓ Sprengingar af völdum eldunartækja eða tækja til upphitunar húss.
- ✓ Loftfars sem hrapar eða hluta sem falla frá því.
- ✓ Slökkvi- og björgunaraðgerða.



Hvað er ekki tryggt?

Brunatrygging húseigna bætir ekki:

- ✗ Tjón á innbúi.
- ✗ Óbeint tjón, svo sem rekstrartap og tapaðar húsaleigutekjur.
- ✗ Kostnað vegna hreinsunar úrgangs eða jarð-vegs vegna bótaskylds atburðar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir á tryggingunni?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón af völdum náttúruhamfara eða sem orsakast af stríði, hryðjuverkum, mengun, eða sambærilegum atburðum.



Hvar er gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum að allur umbúnaður á og við húseignina sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum, þ.á.m. reglur um brunavarnir.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með eftirfarandi hætti:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.
- Með uppsögninni þarf að fylgja staðfesting frá öðru tryggingarfélagi um að brunatrygging hafi tekið gildi þar.